

# 307. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 8. APRÍL 2020 KL 8:30

haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Zoom

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Covid 19 og viðbrögð kirkjunnar
- 3) Samstarf við Landgræðsluna
- 4) Fjármál og fasteignir
  - a) Breiðabólsstaður í Fljótshlíð
- 5) Önnur mál

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 8:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon. Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna samkomubanns.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Pétur G. Markan, samskiptastjóri Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárliði 1 og 2.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

---

## 2. COVID 19 OG VIÐBRÖGÐ KIRKJUNNAR

---

Samskiptastjóri lagði fram minnisblað og kynnti verkefni Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu á tímum samkomubanns, vegna Covid 19.

Þjónusta kirkjunnar og sálgæsla er að eflast á netinu. Mikilvægt er að kirkjan nýti þann besta búnað sem í boði er í þeirri þjónustu sinni og mun Biskupsstofa hafa frumkvæði að því að greiða þær leiðir í þjónustunni

Kirkjuráð samþykkti að fela séra Axel Árnasyni Njarðvík, kirkjuráðsmanni, að afla upplýsinga um málið og kynna á næsta kirkjuráðsfundi.

Kirkjuráð samþykkti að halda áfram samtali um viðbrögð kirkjunnar sem og mögulega breyttar áherslur, vegna samfélagslegra breytinga.

---

## 3. SAMSTARF VIÐ LANDGRÆÐSLUNA

---

Kirkjuráð samþykkti að veita séra Axel Árnason Njarðvík, kirkjuráðsmanni umboð, til að vinna með umhverfisnefnd kirkjunnar og starfsfólki biskupsstofu við að koma á samstarfi við Landgræðsluna um nýtingu á jörðum kirkjunnar til uppgræðslu og endurheimt votlendis.

---

## 4. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

### a. Breiðabólstaður í Fljótshlíð

Málið er á borði framkvæmdastjóra kirkjuráðs.

---

## 5. ÖNNUR MÁL

---

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:10.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn miðvikudaginn 15. apríl nk. kl. 8:30.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson  
biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir